

6. júní 2024

Varðar: Granaskjól 5 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Þorsteins Bogasonar, dags. 15. maí 2024, ásamt tölvupósti, dags. 7. mars 2024, um stækkun á innkeyrslu og koma fyrir tveimur bílastæðum á lóð nr. 5 við Granaskjól.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Granaskjól 5 borgarhluta 1 Vesturbær og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB4, Skjól.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og þarf því að grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 5 að Granaskjól 5 er steinsteypt hús með íbúð í kjallara, á hæð og í risi. Húsið var byggt árið 1957 skv. fasteignaskrá. Á lóðinni er bílskúr sem fylgir einni íbúð, fnr. 2024589. Samkvæmt samþykktum aðaluppdráttum er gert ráð fyrir geymslustað fyrir bifreið inni í bílskúrnum og á honum á að vera bílskúrshurð.

Því er samkvæmt gildandi teikningum 2 bílastæði á lóðinni sem að uppfyllir kröfur bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.

Með því að brjóta gangstéttina og þannig breikka innkeyrsluna fækkar stæðum sem eru á borgarlandi og nýtist öllum íbúum og öðrum gestum sem eiga leið hjá.

Samkvæmt bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar er umrædd gata á svæði 1 og uppfylla núverandi bílastæði kröfur stefnunnar sem gera ráð fyrir 2 bílastæðum. Á lóðinni er innkeyrsla og bílskúr en þar að auki er hægt að leggja bílum í götunni í samnýtt stæði. Því er ekki hægt að fallast á það að heimila breikkun innkeyrslu við Granaskjól 5.

Niðurstaða:

- neikvætt er tekið í erindið

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar, verkefnastjóri